



Fréttatilkynning
14 June 2024 18:30:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar endurkaupa

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 22. mars 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum að fjárhæð 5 milljarðar króna sem upphaflega var tilkynnt um þann 17. febrúar 2023.

Í viku 24 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 1.014.964 eigin hluti að kaupverði alls kr. 97.511.394 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dags	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
10.6.2024	10:02:36	12.659	96,00	1.215.264	76.287.832
10.6.2024	14:39:11	4.305	96,00	413.280	76.292.137
11.6.2024	10:56:49	249.500	96,00	23.952.000	76.541.637
12.6.2024	11:08:36	249.500	96,10	23.976.950	76.791.137
13.6.2024	09:50:37	70.000	96,80	6.776.000	76.861.137
13.6.2024	09:59:32	179.500	96,80	17.375.600	77.040.637
14.6.2024	10:59:12	60.863	95,40	5.806.330	77.101.500
14.6.2024	11:12:25	188.637	95,40	17.995.970	77.290.137
	Samtals vikan	1.014.964		97.511.394	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 24 átti bankinn 76.275.173 hluti, sem nemur 3,81% af útgefnum hlutum.

Þessari umferð endurkaupa, sem tilkynnt var um í kauphöll þann 22. mars 2024, er nú lokið. Samkvæmt framangreindri tilkynningu var áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnu hlutafé bankans í umferðinni, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000.

Í þessari umferð endurkaupa keypti bankinn 9.992.504 hluti, sem nemur 0,50% af útgefnum hlutum fyrir samtals kr. 994.159.596 og er því framangreindu hlutfalli af útgefnum hlutum náð í þessari umferð.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 77.290.137 eigin hluti eða sem nemur 3,86% af útgefnum hlutum í bankanum. Með viðskiptum í viku 24 lýkur 5 milljarða króna endurkaupaáætlun sem upphaflega var tilkynnt um þann 17. febrúar 2023. Líkt og tilkynnt var um samhliða ársuppgjöri bankans hefur bankinn í hyggju að ráðast í útgreiðslu á umfram eigin fé sem nemur 10 milljörðum króna. Hafa þegar verið keyptir til baka hlutir fyrir 3.173.369.193 milljarða króna með öfugu útboðsfyrirkomulagi sem tilkynnt var um þann 6. maí og 5. júní sl.



Fréttatilkynning
14 June 2024 18:30:00 GMT

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar er í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirbyggjandi.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupaáætlunina sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar endurkaupa](#)